

91

27. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1957 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

92

27. des.

L Ö G

um að banna hnefaleika.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

2. gr.

Bönnuð er sala og notkun hnefaleikaglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.